



2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2021 - 2022 haldinn þriðjudaginn 2. nóv. 2021 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Logason varaformaður, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Sigurjón Jónsson. Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins. Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara, Helgi Már Herbertsson fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari. Tinna Ösp Arnardóttir kennari var með kynningu á fundinum.

Dagskrá:

- Fjármál skólans
Fjárlög næsta árs eru ekki komin en við gerum útkomuspá, höfum gengið lítillega á það sem flutt var milli ára síðast. Höfum haft fjármagn til að bæta búnað til muna. Erum yfir á launum miðað við áætlun en eigum fyrir því.
- Félagslíf skólans
Salsaball framundan, FG-Flensborgardagur á næstu önn, jólabingó, keilukvöld ofl. Skíðaferð, andvökunótt og fleira á dagskrá eftir áramót.
- Þriggja anna kerfið
Tölur um námsmat og skólasókn í þriggja anna kerfinu. Vorannir voru frekar slakar með tilliti til námsmats og skólsóknar í tveggja anna kerfinu en það hefur lagast í þriggja anna kerfinu. Fylgni er góð milli mætingar og námsárangurs. Nokkrir framhaldsskólar hafa fengið kynningu frá FG á þriggja anna kerfinu.
- Kynning á viðskiptabraut
Tinna Ösp Arnardóttir kennslustjóri viðskiptagreina kynnti námið á viðskiptabraut og hönnunar- og markaðsbraut. Fjölbreytt námsmat og tækni eru notuð í kennslunni og kennsluefni búið til hér að hluta. Námið hefur verið þróað í tengslum við nemendur.
- Önnur mál
Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í tengslum við ósk um viðbyggingu við skólann. Spurningar sem þarf að svara og röstyðja umsókn um stækkun skólans. Staðfestingar óskað frá bænum um þróun íbúafjölda o.fl.
Bréf frá skólameistara vegna bloggskrifna. Fagleg viðbrögð hjá skólameistara að mati formanns skólanefndar.
Foreldraráð hefur verið endurvakið og er undirbúningur í gangi fyrir fræðslukvöld fyrir foreldra.

Fundi slitið kl. 12:55

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari